

Fimmtudaginn 10. desember 1992.

Nr. 403/1989. **Svalbarði hf.**

(Gunnar Sæmundsson hrl.)

gegn

Símoni Fr. Símonarsyni

(Arnmundur Backman hrl.).

Vinnusamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. október 1989. Hann gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda í héraði og að stefnda verði gert að greiða sér 368.702 krónur með ársvöxtum eins og krafist var í héraði. Hann krefst og málskostnaðar fyrir báðum dómum úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms með þeirri lækkun höfuðstóls, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 507.400 krónur með sömu vöxtum og tilteknir voru í héraðsdómi og málskostnað fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Kristinn Friðþjófsson, stjórnarformaður og framkvæmdastjóri áfrýjanda, Svalbarða hf. á Patreksfirði, réð stefnda til starfa sér til aðstoðar við fyrirtækið. Stefndi fluttist vestur og bjó á heimili Kristins og var þar í fæði, frá því að hann hóf störf í júlí 1987 og fram í októberlok. Í apríl 1988 bar Kristinn upp á stefnda, að hann hefði ofreiknað sér laun og greitt sér meira en þeir hefðu samið um. Í framhaldi af því sagði stefndi starfi sínu lausu með þriggja mánaða fyrirvara frá 1. júní 1988.

Krafa áfrýjanda er um endurgreiðslu á hinum ofgreiddu launum og fríðindum, svo sem fæði og húsnæði og flutningsgjöldum vegna fjölskyldu stefnda. Krafa stefnda lýtur að greiðslu launa á uppsagnartíma auk maímánaðar 1988 að frádregnum launum, sem hann vann sér inn á sama tíma.

Fallast ber á þá niðurstöðu héraðsdóms, að svo hafi verið um samið milli málsaðila, að stefndi fengi í mánaðarlaun 100.000

krónur í föst laun fyrstu þrjá mánuðina, sem hækkuðu í 150.000 krónur í október. Forsvarsmaður áfrýjanda hefur ekki sýnt fram á, að sú hækkun hafi ekki átt að vera til frambúðar. Einnig ber að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að ósannað sé af áfrýjanda hálfu, að stefndi hafi átt að greiða fyrir fæði og húsnæði þá mánuði, er hann bjó á heimili Kristins Friðþjófssonar. Á hinn bóginn er ósannað af stefnda hálfu, að áfrýjandi hafi átt að greiða farmgjöld fyrir búslóð fjölskyldu stefnda, og koma þau því til frádráttar launakröfu stefnda.

Verður áfrýjanda því gert að greiða stefnda laun fyrir maí, júní, júlí og ágúst 1988, 150.000 krónur á mánuði, alls 600.000 krónur, að frádragnum launum á uppsagnartíma, 91.989 krónum, og flutningsgjöldum, samtals 25.876 krónum, alls 482.135 krónur, með vöxtum eins og í dómsorði segir. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málskostnað. Dæma ber áfrýjanda til þess að greiða stefnda 90.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Svalbarði hf., greiði stefnda, Símoni Fr. Símonarsyni, 482.135 krónur með 42% ársvöxtum frá 1. september 1988 til 1. október s. á., 26,8% frá þeim degi til 1. nóvember s. á., 20,3% frá þeim degi til 1. desember s. á, en síðan með vöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað er staðfest.

Áfrýjandi greiði stefnda 90.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Barðastrandarsýslu 18. september 1989.

Ár 1989, mánudaginn 18. september, er á aukadómþingi Barðastrandarsýslu, sem háð er að Aðalstræti 92, Patreksfirði, af Guðmundi Björnssyni sýslufulltrúa, kveðinn upp dómur í aukadómþingsmálinu nr. 85/1988: Símon Fr. Símonarson gegn Svalbarða h/f og gagnsök.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þessa mánaðar, hefur Símon Fr. Símonarson, kt. 080551-3639, Böllum 6, Patreksfirði, höfðað fyrir auka-dómþingi Barðastrandarsýslu á hendur Svalbarða h/f, kt. 660274-0229,

Aðalstræti 1, Patreksfirði, til greiðslu skuldar, að fjárhæð 549.405 kr., sbr. breytta kröfugerð á dóm skjali nr. 62, en samkvæmt þessari breyttu kröfugerð verður ekki fjallað um greiðslur atvinnurekandans í lífeyrissjóð í máli þessu, með [nánar tilgreindum vöxtum auk málskostnaðar].

Í gagnsök gerir gagnstefndi þá kröfu, að hann verði sýknaður af öllum kröfum í gagnstefnu. Þá gerir hann kröfu um málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ í gagnsökinni. Upphaflega krafðist stefnandi frávisunar á gagnsök, en féll frá þeirri kröfu, þegar kom að munnlegum málflutningi. Gagnstefnandi krefst málskostnaðar vegna frávisunar kröfu þessarar.

Stefnandi lýsir málavöxtum í stefnu á þann veg, að í maímánuði 1987 hafi hann, Símon Fr. Símonarson, verið ráðinn framkvæmdastjóri Svalbarða h/f á Patreksfirði, og hóf hann störf 1. júlí 1987. Símon starfaði síðan hjá Svalbarða h/f til 12. júlí 1988. Þegar liða tók á árið 1988, tók að bera á samstarfsörðugleikum milli Símonar og Kristins Friðbjóssonar, stjórnarformanns Svalbarða h/f. Hinn 2. maí 1988 sagði síðan Símon starfi sínu lausu með þriggja mán. uppsagnarfresti frá 1. júní að telja, og voru engar athugasemdir gerðar þar um af hálfu Svalbarða h/f. Símon starfaði síðan áfram, en er hann fékk ekki greidd laun fyrir maímánuð og af honum tekin stjórn þeirra mála, sem undir hann höfðu heyrt, tilkynnti Símon stjórn Svalbarða h/f, að hann hefði ákveðið að taka orlof sitt þá þegar. Við það voru engar athugasemdir gerðar. Að orlofi loknu, 1. júlí, hóf Símon störf að nýju á skrifstofunni og starfaði þar til 12. júlí 1988, að hann hætti störfum. Þann tíma fékk hann ekki að sinna þeim verkefnum, sem hann var ráðinn til, og var meinað að geta fullnægt starfskyldum sínum. Leit Símon svo á, að hér væri um fyrirvaralausar uppsögn að ræða, og hætti störfum 12. júlí.

Stefnandi styður kröfur sínar eftirtöldum lagarökum: meginreglum vinnuréttarins um greiðslu launa, munnlegum ráðningarsamningi aðila og meginreglum laga um uppsagnarfrest mánaðarakaupsmanna og dómafordæmi. Um orlof er vísað til laga nr. 30/1987.

Stefnandi hefur lagt fram eftirtalin sönnunargögn:

nr. 3, launaseðla,

nr. 4, uppsagnarbréf, dags. 2. maí 1988,

nr. 5, bréf, dags. 3/6 1988, til stjórnar Svalbarða h/f,

nr. 6, útreikninga á launagreiðslum,

nr. 7, bréf lögfræðiskrifstofu til Svalbarða h/f.

Gagnstefnandi hefur í gagnstefnu gert þær dómkröfur, að gagnstefnda verði dæmt að greiða sér 368.702 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum auk málskostnaðar].

Gagnstefnandi lýsir málavöxtum þannig í gagnstefnu:

Vorið 1987 réðst gagnstefndi til starfa hjá gagnstefnanda. Framkvæmda-

stjóri gagnstefnanda og þáverandi stjórnarformaður, Kristinn Friðþjófsson, annaðist ráðningu gagnstefnda, og kveður hann gagnstefnda hafa átt að vera sér til aðstoðar. Kristinn segir, að gengið hafi verið út frá því, að þarna væri um hlutastarf að ræða, og hefði hann sagt, að kostnaður gagnstefnanda af gagnstefnda, þ. e. laun, orlofsfé og lífeyrissjóðsgreiðslur, mætti nema 100.000 kr. Hann kveður gagnstefnda hafa tekið sér frest til að hugleiða málið og síðan látið sig vita, að hann kæmi. Gagnstefndi hóf svo störf í júlíbyrjun hjá gagnstefnanda og starfaði þar fram á vor 1988.

Skömmu eftir að gagnstefndi kom vestur, kveðst Kristinn hafa farið með honum norður í Tálknafjörð, þar sem honum hefði boðist hlutastarf, sem hann hefði getað gegnt með starfi sínu hjá gagnstefnanda, en ekkert hefði orðið úr því, að hann tæki það starf að sér. Mánuðina nóvember og desember 1987 þurfti framkvæmdastjórinn að vera fjarverandi frá Patreksfirði í einkaerindum, og kveður hann þá hafa orðið að samkomulagi milli sín og gagnstefnda, að gagnstefndi fengi greiðslu þá mánuði vegna aukins vinnuálags, og segist hafa sagt gagnstefnda, að hann ætti að kosta gagnstefnanda 150.000 kr. hvorn þessara mánaða. Lengst af, meðan gagnstefndi vann þarna, annaðist hann greiðslur vegna gagnstefnanda og hafði heimild til tékkaútgáfu á reikning hans, nr. 1060 við Landsbanka Íslands, útibúið á Patreksfirði.

Vorið 1988 kveðst framkvæmdastjórinn hafa komist að því, að gagnstefndi hafði yfirdregið tékkareikninginn, og kveðst þá hafa svipt hann umsjón með fjárreiðum gagnstefnanda. Með bréfi, dags. 2/5 1988, sagði gagnstefndi síðan upp starfi sínu með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Með bréfi, dags. 3/6 1988, tilkynnti hann síðan, að hann tæki orlof frá og með mánuðegi 6. júní til og með föstudegi 1. júlí. Gagnstefndi mun svo hafa hafið störf hjá sýslumannsembættinu í Barðastrandarsýslu 14. júlí 1988 og þar með slitið vinnusamningi sínum við gagnstefnanda, enda mun hann hafa unnið þar fram yfir lok uppsagnarfrests þess, sem hann sjálfur ákvað. Við athugun á bókhaldi gagnstefnanda hefur komið í ljós, að gagnstefndi hefur greitt sér mun hærri laun en framkvæmdastjóri gagnstefnanda kannast við að hafa samið við hann um. Jafnframt hefur hann krafið gagnstefnanda um frekari launagreiðslur í aðalsök í máli þessu. Gagnsök þessi er höfðuð til heimtu oftekins fjár auk vaxta af oftekinni fjárhæð, eins og hún hefur verið á hverjum tíma. Greiðslur þessar hefur gagnstefndi greitt sér aðallega með beinum greiðslum, en einnig með því að láta gagnstefnanda greiða uppihaldskostnað sinn um skeið og farmgjöld fyrir sig og konu sína, hvort tveggja án heimildar. Þá lét gagnstefndi gagnstefnanda greiða hærri fjárhæð vegna sín í staðgreiðslu skatta en efni stóðu til.

Málsástæður gagnstefnanda eru þær, að hann eigi endurkröfu á hendur gagnstefnda vegna oftekinna launagreiðslna.

Gagnstefnandi vísar til reglna íslensks réttar um endurgreiðslu ofgreidds fjár.

Við þingfestingu gagnsakarinnar lagði gagnstefnandi fram eftirtalin sönnunargögn:

nr. 9, greinargerð í aðalsök og gagnsök,

nr. 10-54, ljósrit greiðsluskjala varðandi greiðslur, sem gagnstefndi innti af hendi til sín og vegna sín og konu sinnar af fjármunum gagnstefnanda,

nr. 55, yfirlit yfir greidd laun aðalstefnanda annars vegar og reiknuð laun hans hins vegar,

nr. 56-59, ljósrit sundurliðana varðandi staðgreiðslu opinberra gjalda.

Dómkröfur stefnda í aðalsök eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í aðalsök og að aðalstefnanda verði dæmt að greiða sér málskostnað að skaðlausu í aðalsök skv. gjaldskrá LMFÍ, og beri málskostnaðarfjárhæð drv. skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Gagnstefndi rekur málavexti ýtarlega í greinargerð sinni á dómskjali nr. 60. Hann mótmælir málavaxtalýsingu gagnstefnanda í gagnstefnu. Gagnstefndi heldur því fram, að 1. október 1987 hafi laun sín hækkað í 150.000 kr. og þá fyrir bæði dag- og eftirvinnu, og þau laun hafi haldist óbreytt til 5. maí 1988, að þau hækkuðu um 8,75% í samræmi við hækkun hjá Landssambandi íslenskra verslunarmanna. Enn fremur heldur gagnstefndi því fram, að gagnstefnandi hafi aldrei fyrr en með gagnstefnu, dags. 21. desember 1988, gert athugasemdir eða mótmælt á nokkurn hátt þessum launum. Þá ítrekar gagnstefndi þá skoðun sína, að hann hafi verið ráðinn í fullt starf sem framkvæmdastjóri stefnanda. Um fæðisreikning segir í greinargerð gagnstefnda: „Þegar gagnstefndi hóf störf hjá gagnstefnanda, gat hann ekki fengið húsnæði strax. Þangað til að hann fengi húsnæði á Patreksfirði, samdist um milli stjórnarformanns gagnstefnanda og gagnstefnda, að hann byggi á heimili stjórnarformannsins og væri þar í fæði. Svo samdist um með þeim, að fyrirtækið greiddi fyrir fæðið og húsnæðið. Reikningur sá, sem gagnstefnandi leggur fram, er fyrir tímabilið júlí til september 1988. Þess hefur eigi fyrr verið krafist, að gagnstefndi greiði þennan reikning, enda hafði um annað verið samið. Hafi það verið ætlan gagnstefnanda að krefja gagnstefnda um greiðslu reiknings þessa, hefði slíkt átt að vera mögulegt á því tæpa ári, sem gagnstefndi starfaði hjá fyrirtækinu. Ber því að hafna reikningi þessum bæði með vísan til þess, að hann sé rangur, og með vísan til tómlætis.“ Um kröfu um greiðslu farmgjalda segir í greinargerð gagnstefnda: „Þegar gagnstefndi hóf störf hjá gagnstefnanda, samdist um, að fyrirtækið greiddi flutningskostnað fyrir búslóð gagnstefnda. Slíkt er mjög tíðkanlegt, að fyrirtæki geri fyrir starfsmenn sína. Um þennan reikning er það að segja, að hann er fyrst nú settur fram ári síðar. Er þessari kröfu því hafnað.“

Gagnstefndi hefur lagt fram launaseðla frá fjármálaráðuneytinu vegna vinnu sinnar á sýsluskrifstofunni á Patreksfirði í júlí og ágúst 1988, sbr. dómskjal nr. 63. Samkvæmt framangreindu dómskjali fékk gagnstefndi greiddar 30.943 kr. 12/8 1988 og 61.046 kr. 1. september 1988 í laun fyrir dagvinnu og eftirvinnu.

Stefnandi, Símon Fr. Símonarson, gaf skýrslu hér fyrir réttinum 5. september 1989. Í febrúarmánuði 1987 kvaðst hann hafa ákveðið að hætta störfum hjá Skeljungi h/f. Kristinn Friðþjófsson, framkvæmdastjóri stefnda, mun hafa frétt af þessu og lét í ljós áhuga á að fá stefnanda sem framkvæmdastjóra hjá Svalbarða h/f.

Í apríllok 1987 náðist samkomulag milli málsaðila um, að Símon Fr. Símonarson hæfi störf hjá Svalbarða h/f frá 1. júlí 1987. Kjörin skyldu vera þau, að stefnandi fengi 100.000 kr. í dagvinnukaup á mánuði fyrstu þrjá mánuðina og frítt fæði og húsnæði heima hjá Kristni Friðþjófssyni, uns stefnanda tækist að fá sér húsnæði, en Kristinn Friðþjófsson hafði lofað að útvega stefnanda húsnæði á staðnum, sem síðan tókst ekki, en stefnandi var ókunnugur á staðnum, þegar þetta var. Aðspurður segir stefnandi, að sambýliskona sín, Gunnhildur Valgarðsdóttir, hafi vitað um samningsgerð sína og stefnda og um kjör sín sem væntanlegs framkvæmdastjóra Svalbarða h/f. Einnig segir stefnandi, að Kristinn Friðþjófsson hafi haft mikið samband við Rúnar Gunnarsson á Bildudal, og kona Kristins og stjórnarmaður í fyrirtækinu, Elín Oddsdóttir, hafði einnig samband við stefnanda og Rúnar Gunnarsson. Stefnandi segir, að samningurinn hafi verið staðfestur símleiðis, en enginn skriflegur samningur verið gerður. Aðspurður segir stefnandi, að hann hafi talið launakjörin það einföld, að hann hafi ekki talið ástæðu til að gera skriflegan samning, enda hafi hann treyst Kristni Friðþjófssyni eftir 10 ára kynni í fyrra starfi stefnanda hjá Skeljungi h/f. Aðspurður segist stefnandi hafa verið í fæði og húsnæði hjá Kristni Friðþjófssyni frá 1. júlí til mánaðamótanna október-nóvember 1987. Stefnandi kveður fjölskyldu sína hafa verið í Kópavogi á þessum tíma, og beið hún eftir því, að Kristinn Friðþjófsson útvegaði húsnæði handa þeim samkvæmt samningi. Stefnandi tók fram, að aðrir aðkomumenn hjá fyrirtækinu hefðu verið í fríu fæði og húsnæði, t. d. Sigurður Þór Þórsson, Gísli Pétursson og Þorvaldur Ágústsson. Stefnandi ítrekar, að þeir Kristinn Friðþjófsson hafi samið um, að hann fengi frítt fæði og húsnæði, uns hinn síðarnefndi útvegaði honum húsnæði. Stefnandi kveðst hafa verið í fæði hjá mötuneyti Svalbarða h/f frá 1. september 1987 eins og aðrir utanbæjar-menn. Enginn greiddi fæðið í þessu mötuneyti.

Í september 1987 kveðst stefnandi hafa gengið hart eftir því við Kristin Friðþjófsson, að hann gerði nýjan samning við sig um 150.000 kr. laun á mánuði fyrir dagvinnu og eftirvinnu. Stefnandi segir, að Kristinn hafi

við þetta tækifæri skoðað launaseðla sína tvo fyrstu mánuðina vandlega án þess að gera nokkrar athugasemdir við þá. Stefnandi segir aðspurður, að Kristinn Friðþjófsson hafi verið lítið við vinnu í fyrirtækinu eftir 1. september 1987 vegna persónulegra aðstæðna. Aðspurður segist stefnandi hafa séð um daglegan rekstur, bókhald og fjármál fyrirtækisins. Kristinn Friðþjófsson sá um veðsetningu afurða fyrstu mánuðina. Samkomulag var um, að Kristinn skyldi sjá um sölu afurða í samráði við stefnanda, þannig, að stefnandi gæti síðar tekið við því starfi. Stefnandi kveður stefnda hafa fylgst með daglegum rekstri fyrirtækisins. Í apríl 1988 bar Kristinn Friðþjófsson það upp á stefnanda, að hann hefði oftekið laun. Stefnandi kveður mjög lítið samstarf hafa verið milli sín og Kristins Friðþjófssonar eftir áramót 1987 og 1988 vegna persónulegra aðstæðna Kristins.

Stefnandi segir, að það hafi verið eini alvarlegi áreksturinn milli sín og Kristins Friðþjófssonar, þegar hann bar það upp á stefnanda, að hann hefði oftekið laun. Stefnandi kveðst hafa sagt upp starfi sínu í framhaldi af því. Stefnandi segir, að Kristinn Friðþjófsson hafi bannað starfsfólki Landsbanka Íslands að yfirfæra frá bankabók yfir á ávísanareikning og gert sér þannig ókleift að stjórna fjármálum fyrirtækisins. Stefnandi kveðst hafa túlkað framkomu Kristins þannig, að hann hefði misst allan áhuga á samstarfi. Stefnandi kveðst hafa stundað sama starf og áður í maí. Um mánaðamót maí og júní neitar Kristinn Friðþjófsson að greiða stefnanda laun. Fyrst kveðst hann ekki greiða launin, nema stefnandi útbúi viðskiptayfirlit yfir reikninga fjölskyldunnar, en þegar hann fékk þau í hendur, neitaði hann alveg að greiða launin, því að „þú hefur fengið andskotans nóg“. Stefnandi segir, að engin viðbrögð hafi komið fram við uppsagnarbréfi sínu 2. maí 1988 né bréfi sínu 3. júní s. á.

Stefnandi hefur störf aftur 4. júlí 1988. Þá var búið að fjarlægja bókhaldið úr skrifstofunni. Sömu leiðis var allur póstur sendur heim til Kristins Friðþjófssonar. Ólafur Egilsson mun hafa tjáð stefnanda, að bókhaldið væri komið heim til Kristins Friðþjófssonar, en Ólafur mun eitthvað hafa aðstoðað Kristin við bókhaldið. Þar með hafði Ólafur Egilsson tekið við hluta af störfum stefnanda og stefnanda ómögulegt að gegna starfinu áfram. Stefnandi kveðst ekki hafa haft annað að gera síðustu dagana hjá Svalbarða h/f en svara í síma. Hann kveðst hafa hafið störf 14. júlí 1988 á sýsluskrifstofunni. Síðan starfaði stefnandi út uppsagnarfrestinn á sýsluskrifstofunni og hafði í laun 101.345 kr. tímabilið frá 14. júlí til 31. ágúst 1988. Aðspurður segir stefnandi, að það hafi aldrei komið til greina, að hann væri ráðinn í hlutastarf. Ferðin til Tálknafjarðar var farin í allt öðrum tilgangi en að útvega stefnanda hlutastarf. Aðspurður segir stefnandi, að hann hafi aldrei fyrr en í gagnstefnu verið krafinn um greiðslu fyrir fæði og húsnæði. Stefnandi kveðst hafa útbúið sérstakt fylgiskjal í fullu samráði

við Kristin Friðþjófsson til að lækka skuld Kristins við Svalbarða h/f. Aðspurður segir stefnandi, að um það hafi verið samið, að Svalbarði h/f greiddi fyrir flutning á búslóð stefnanda. Um þetta var samið í september 1987, um leið og samið var um hækkun á kaupum. Stefnandi kveðst eiga að greiða reikninga á dómskjali nr. 39 og 46, en hins vegar hefur verið samið um, að Svalbarði h/f greiddi reikning á dómskjali nr. 30. Aðspurður af lögmanni stefnda segir stefnandi, að hann hafi haft um 60-70.000 kr. mánaðarlaun hjá Skeljungi h/f um það leyti, sem hann lét þar af störfum. Stefnandi segist ekki muna, að Kristinn Friðþjófsson hafi boðið sér 80.000 kr. mánaðarlaun. Stefnandi segist aðspurður hafa fylgst með, hvað af rekstrarvörum og tækjum vantaði til verksmiðjunnar. Nýframkvæmdir voru að fara í gang og stóðu yfir fram á vor 1988. Fylgdi því ýmis erindrekstur varðandi starfsmannahald, annað því tengdu, bókhald fyrirtækisins og greiðslur og fjármálaumsýslu. Aðspurður segist stefnandi ekki vilja giska á fylgiskjalafjölda árið 1987 né hvaða tími hafi farið að jafnaði á dag í bókhaldsvinnu. Aðspurður segist stefnandi hafa notað um það bil einn dag á viku í launaútreikninga, en starfsmenn Svalbarða h/f voru 3-4, en stefnandi gerði einnig upp laun fyrir 3-4 menn að auki, sem störfuðu hjá verk-taka. Stefnandi segir, að það hafi verið tímafrekasti þátturinn í starfi sínu að vinna upp bókhaldið 1987. Í júlí, ágúst og september reiknaði stefnandi sér laun fyrir yfirvinnu, tímalaun, 1% af mánaðarlaunum. Stefnandi kveðst hafa lista yfir yfirvinnu í dagbók, sem hann gæti ljósritað (sjá dómskjal nr. 65). Aðspurður segist stefnandi hafa skoðað tvö hús, sem voru til sölu. Elín Oddsdóttir sýndi stefnanda þessar íbúðir. Aðspurður segir stefnandi, að dómskjal nr. 19 hafi verið útbúið í samráði við Kristin Friðþjófsson. Þeir höfðu komið sér saman um, að þetta gengi, þótt aðalstefnandi hefði verið í fæði hjá Svalbarða h/f í september.

Dómskjal nr. 36 er sýnt stefnanda, og hann útskýrir það þannig, að greiðslan til sín sé 30.000 kr. Dómskjal nr. 37 sýnir einnig launagreiðslu til aðalstefnanda að hans sögn, einnig tékkar á dómskjölum nr. 24 og 27. Stefnanda er sýnt dómskjal nr. 55. Hann staðfestir, að greiðslur þær, sem taldar eru í fremsta dálki, hafi farið fram að öðru leyti en því, að þar séu innifaldar fjárhæðir dómskjals nr. 19 og 30, sem eiga þar ekki að vera samkvæmt fram-burði hans hér að framan. Aðspurður segir stefnandi, að það hafi aldrei komið til tals, að heildarkostnaður af starfi sínu skyldi vera 100.000 kr. á mán-uði að með töldum lífeyrisgreiðslum og orlofsfé, heldur hafi alltaf verið rætt um föst mánaðarlaun, 100.000 kr. Hann segir, að það hafi alltaf verið átt við laun, og hafi Kristinn Friðþjófsson átt við eitthvað annað, þá hafi það ekki komist til skila Spurður af lögmanni sínum segir stefnandi, að það hafi aldrei komið annað til greina en hann væri ráðinn með kjörum almennra laun-þega og fengi orlofs- og lífeyrisgreiðslur aukalega.

Kristinn Friðþjófsson, framkvæmdastjóri stefnda og gagnstefnanda, gaf skýrslu hér fyrir réttinum sama dag. Aðspurður segist framkvæmdastjórinn hafa ráðið Símon Fr. Símonarson til starfa hjá Svalbarða h/f 1987. Framkvæmdastjórinn kveðst hafa þekkt Símon til fjölda ára í gegnum síma. Til stóð að ljúka uppbyggingu verksmiðjunnar, og vildi framkvæmdastjórinn því ráða annan starfsmann vegna aukinna umsvifa. Framkvæmdastjórinn kveðst síðan hafa sagt Símoni frá lausu starfi, sem hann hefði síðan fengið áhuga á. Hann kveðst síðan hafa aflað sér upplýsinga um manninn hjá Rúnari Gunnarssyni, Bildudal, og hjá starfsmönnum Skeljungs h/f. Aðspurður segist framkvæmdastjórinn hafa boðið Símoni 80.000 kr. í laun á mánuði, en látið þess jafnframt getið, að hann gæti fengið einhver auka-störf. En hann kveðst hafa tekið það fram við Símon, að þetta yrði í raun og veru ekki fullt starf, fyrr en verksmiðjan yrði komin saman. Símon samþykkti ekki þetta tilboð. Í framhaldi af þessu gerði framkvæmdastjórinn Símoni annað tilboð, að starf hans mætti kosta 100.000 kr. Símon tók sér frest í nokkra daga, og hélt framkvæmdastjórinn, að hann væri hættur. Þá hringir hann og segist ætla að koma. Framkvæmdastjórinn segir, að fyrir þessar 100.000 kr. hafi átt að vinna öll þau verk, sem til féllu, hvenær sem þau ætti að vinna á sólarhringnum. Framkvæmdastjórinn segir, að hann hafi ekkert vitað um yfirvinnu Símonar fyrr en stuttu áður en hann hætti. Framkvæmdastjórinn segir, að þeir Símon hafi rætt saman í október 1987, og sömdu þeir þá um, að kostnaður við starf Símonar skyldi vera 150.000 kr. á mánuði í nóvember og desember, þ. e. til áramóta. Þetta var vegna þess, að Kristinn Friðþjófsson yrði fjarstaddur í tvo mánuði. Aðspurður segist framkvæmdastjórinn ekki minnst þess, að það hafi verið rætt, að Símon fengi ókeypis fæði og húsnæði, uns framkvæmdastjórinn útvegaði húsnæði. Hann segir, að Símon hafi hafnað húsnæði, sem honum stóð til boða hjá Jóni Hákonarsyni.

Framkvæmdastjóranum er sýnt dómskjal nr. 19. Framkvæmdastjórinn segist ekki hafa haft nein afskipti af þessu fylgiskjali eða tilurð þess. Aðspurður segist framkvæmdastjórinn mótmæla því algerlega, að hann hafi samið um kauphækkun til Símonar í september og í sama skipti samþykkt að greiða flutningskostnað vegna flutnings á búslóð. Hann segir, að krafan um kauphækkun hafi fyrst komið fram í októberlok 1987. Aðspurður segist framkvæmdastjórinn ekki minnst þess, að rætt hafi verið um ráðningarkjör Símonar, þegar hann heimsótti hann í Kópavogi. Samningur var gerður í gegnum síma. Aðspurður segist framkvæmdastjórinn ekki muna, að Símon hafi fært í tal, að hann þyrfti að vinna næturvinnu þrjá fyrstu mánuðina. Hann kveðst þó muna, að Símon hafi unnið við útskipun á mjöli. Framkvæmdastjórinn segist staðhæfa, að hann hafi aldrei samþykkt aðrar greiðslur til Símonar en þær föstu greiðslur, sem getið er hér að framan.

Framkvæmdastjórinn segir, að þeir Símon hafi farið til Tálknafjarðar að kynna sér fyrirtækið Vélsmiðju Tálknafjarðar h/f. Hann kveðst jafnframt hafa minnst á það við Sigurð Viggósson, hvort hann hefði ekki eitt-hvert hlutastarf fyrir hann. Í apríl 1988 segist framkvæmdastjórinn hafa talað við Símon í síma. Hann segist hafa sagt við Símon, að hann hefði tekið sér of mikil laun, en Símon neitað því og sagt, að hann ætti inni hjá fyrirtækinu. Aðspurður segist framkvæmdastjórinn hafa tekið fjárráðin af Símoni í apríl 1988, vegna þess að kvartað var um það frá Landsbanka Íslands, Patreksfirði, að hlutirnir væru ekki eins og þeir ættu að vera. Framkvæmdastjórinn segist hafa bannað Símoni að nota tékkheftið, en hann hafi samt gert það. Aðspurður segist framkvæmdastjórinn ekki hafa gefið út neinar ávísanir á reikning nr. 1060, frá því að Símon tók við tékkheftinu. Spurður af lögmanni stefnanda segir framkvæmdastjórinn hugsanlegt, að kaupkjör Símonar hafi verið rædd á heimili sínu.

Framkvæmdastjóranum er tjáð, að samkvæmt dagbók 30. september hafi Símon ritað: „150.000, ef áfram“. Framkvæmdastjórinn segir aðspurður, að ætlunin hafi verið, að Símon yrði hægri hönd fyrirtækisins og ætti að sjá um fjármál þess, bókhald í samráði við sig og kynna sér rekstur verksmiðjunnar. Framkvæmdastjórinn segir, að starf Símonar hafi verið svipað og það starf, sem hann hafi sjálfur unnið síðustu 20 árin ásamt störfum í verksmiðjunni, en að undanskilinni bókhaldsvinnu, sem hefur verið unnin í Tölvupjónustunni. Framkvæmdastjórinn segir, að Símon hafi verið ráðinn vegna þess, að stækkun verksmiðjunnar var fyrirhuguð, og átti framkvæmdum að ljúka innan tveggja til þriggja mánaða frá þeim tíma. Framkvæmdastjórinn segist aðspurður ekki hafa séð launamiða Símonar, fyrr en hann var hættur störfum. Aðspurður segir framkvæmdastjórinn, að vélsmiðir séu í ókeypis fæði og húsnæði, þegar þeir séu aðfluttir. Þetta sé hluti af kjörum þeirra og annarra iðnaðarmanna. Framkvæmdastjórinn neitar, að hann hafi nokkru sinni samþykkt að greiða fæði og húsnæði fyrir Símon. Framkvæmdastjórinn segist aðspurður ekki hafa vitað um dómskjal nr. 19 fyrr en eftir, að Símon var hættur störfum. Aðspurður segist framkvæmdastjórinn ekki hafa krafist formlega greiðslu fyrir þessu skjali fyrr en við gagnstefnu. Aðspurður segist framkvæmdastjórinn ekki vita til, að Elín Oddsdóttir hafi vitað um framangreint skjal. Aðspurður segist framkvæmdastjórinn ekki hafa fallist á að greiða búslóðarflutning, sbr. dómskjal nr. 30. Framkvæmdastjórinn segir, að Elín Oddsdóttir hafi reynt að útvega Símoni húsnæði. Aðspurður segist framkvæmdastjórinn hafa verið stjórnarformaður allan tímann, sem Símon var ráðinn. Hann kveðst hafa litið á Símon sem hægri hönd sína og framtíðarvon. Aðspurður segist framkvæmdastjórinn hafa borið fullt traust til Símonar fram í nóvember, en vill ekki svara, hvenær traustið þvarr. Fram-

kvæmdastjórinn segist ekki muna glögg, hvort hann hafi verið búinn að lofa að greiða Símoni laun fyrir maímánuð, eða orðaskipti þeirra vegna þessara launa. Framkvæmdastjórinn man þó eftir viðskiptayfirlitunum, sem Símon minntist á hér að framan. Framkvæmdastjórinn segist hafa farið heim með fylgiskjalamöppurnar úr bókhaldinu og lokað pósthólfinu fyrir 4. júlí 1988, þegar Símon kom úr sumarleyfinu. Aðspurður segir framkvæmdastjórinn, að Ólafur Egilsson hafi hjálpað sér í 4-5 daga. Aðspurður segist framkvæmdastjórinn ekki hafa fært neitt út af reikningi 1060, meðan Símon var í starfi hjá sér og fór með fjárreiðurnar. Framkvæmdastjórinn mótmælti því, að samtal sitt við Símon um kauphækkun hafi orðið í september. Hann aftekur ekki, að Símon hafi fært kauphækkun í tal, en samþykki hafi hann ekki fengið fyrr en síðast í október.

Við sampröfun milli aðalstefnanda málsins, Símonar Fr. Símonarsonar, og framkvæmdastjóra gagnstefnanda, Kristins Friðþjófssonar, héldu báðir fast við fyrri framburð sinn.

Vitnið Rúnar Gunnarsson segist hafa rætt við Kristin Friðþjófsson um ráðningu Símonar sem framkvæmdastjóra. Vitnið segist hafa sagt Kristni Friðþjófssyni, að framkvæmdastjóralaun þá væru 130.000-140.000 kr. Vitnið segir aðspurt, að það hafi skilið það svo, að Símon ætti að sjá um daglegan rekstur. Vitnið segir aðspurt, að sig minni, að Símon hafi sagt sér, að Kristinn Friðþjófsson hafi boðið sér 100.000 kr. í mánaðarlaun. Vitnið segist hafa rætt þessi mál ýtarlega við Símon, og hafi sér skilist, að hér væri um venjuleg laun að ræða, en orlof og lífeyrisgreiðslur ættu að bætast ofan á. Vitnið segist aðspurt síðan ekki hafa rætt launakjör Símonar við hann fyrr en undir lokin, að Símon fékk ekki greidd laun. Vitnið segist hafa lagt þann skilning í málið, að hér væri um byrjunarlaun að ræða, sem ætti að leiðrétta síðar. Vitnið segist hafa komið í skrifstofu Svalbarða h/f í nær hvert skipti, sem það kom á Patreksfjörð. Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við annað en Símon hefði haft nóg að gera. Vitnið segist einu sinni hafa komið á skrifstofuna, þegar Símon var að vinna seint um kvöld. Vitnið segist ekki hafa vitneskju um, hvort Símon hafi átt að greiða fyrir fæði og húsnæði hjá Kristni Friðþjófssyni eða hvort Svalbarði h/f hafi átt að greiða fyrir flutning á búslóð. Vitnið sagðist ekki vita, hvort Kristinn Friðþjófsson hefði verið lítið við eftir september 1987. Vitnið segist aðspurt ekki hafa orðið áheyrandi að neinum samtölum milli Kristins Friðþjófssonar og Símonar um ráðninguna. Vitnið segir aðspurt, að Kristinn Friðþjófsson hafi aldrei skýrt sér frá launakjörum Símonar.

Vitnið Birgir Ingólfsson segist aðspurt hafa verið starfsmaður hjá Svalbarða h/f, þegar Símon starfaði þar. Vitnið segir, að Símon hafi ýmist verið á skrifstofunni eða niðri í verksmiðju að „arransera“ ýmsum hlutum. Vitnið segir, að Símon hafi unnið eins og aðrir fram á kvöld, en töluverð yfir-

vinna hafi verið á þessum tíma. Vitnið segist hafa heyrt, að tékkhefti og fjárreiður hafi verið teknar af Símoni, og því hafi hann ekki getað haldið áfram starfi sínu.

Niðurstöður.

Kristinn Friðþjófsson var stjórnarformaður Svalbarða h/f og ásamt konu sinni aðaleigandi fyrirtækisins, þegar gagnstefnandi, Símon Fr. Símonarson, starfaði hjá fyrirtækinu. Hann kveðst enn fremur hafa verið framkvæmdastjóri fyrirtækisins, en það stangast á við framburð gagnstefnda, sem kveðst hafa verið ráðinn framkvæmdastjóri fyrirtækisins frá 1. júlí 1987. Kristinn Friðþjófsson réð Símon Fr. Símonarson til starfa hjá fyrirtækinu. Kristni bar að hlutast til um, að gerður væri glöggur og helst skriflegur samningur við hinn nýja starfsmann um launakjör hans, starfssvið og vinnutíma og fylgjast síðan með, að ákvæði samningsins væru haldin og þá alveg sérstaklega, ef samningurinn var að einhverju leyti óvenjulegur.

Gagnstefndi greiddi sjálfum sér laun og annaðist launaútreikninginn, sem er óvenjulegt, og bar því Kristni Friðþjófssyni að fylgjast vel með launaútreikningum hans, ekki sist þar sem engum skriflegum samningi var til að dreifa og engin vitni virðast hafa verið að munnlegum samningi þeirra. Gera verður ráð fyrir því sem vísu, að Kristinn Friðþjófsson hafi rækt starf sitt og eftirlitsskyldu af kostgæfni, og hefur hann því í verki samþykkt þau kjör, sem koma fram á dómskjali nr. 3, launaseðlum gagnstefnda frá júlí 1987 til apríl 1988, en samkvæmt því var gagnstefndi í fullu starfi alla þessa mánuði og fékk í föst laun 100.000 kr. á mánuði þrjá fyrstu mánuðina, en 150.000 kr. á mánuði hina mánuðina. Samkvæmt þessu ber að hafna þeirri staðhæfingu gagnstefnanda, að gagnstefndi hafi reiknað sér of há laun.

Gagnstefnandi hefur kafið gagnstefnda um greiðslur fyrir fæði og húsnæði mánuðina júlí, ágúst og september 1987, en þessa mánuði dvaldist gagnstefndi á heimili gagnstefnanda. Það hefur komið fram, að gagnstefnandi hefur eigi kafið gagnstefnda um greiðslu fyrir fæði og húsnæði fyrr en í gagnstefnu. Gagnstefnandi hefur sagt, að hann hafi aldrei samþykkt, að fyrirtækið greiddi fæði og húsnæði fyrir gagnstefnda, en gagnstefndi heldur því fram, að það hafi verið samkomulag, að hann fengi ókeypis fæði og húsnæði, uns Kristinn Friðþjófsson útvegaði sér húsnæði. Dómskjal nr. 19 bendir til þess, að fyrirtækið hafi átt að greiða reikninginn, a. m. k. var það þannig í framkvæmd. Hafi það verið ætlunin, að gagnstefndi greiddi fyrir fæði og húsnæði á heimili Kristins Friðþjófssonar, átti Kristinn að krefja hann um greiðslu í lok hvers mánaðar. Kröfu þessari er því hafnað.

Gagnstefnandi hefur kafið gagnstefnda um greiðslu fyrir farmgjöld, sem

Svalbarði h/f greiddi fyrir gagnstefnda. Gagnstefndi hefur eigi sannað, að samkomulag hafi verið um, að fyrirtækið greiddi þessa reikninga, og verður því fallist á þessa kröfu, sbr. dómskjöl nr. 30, 39 og 46.

Aðalstefnandi hefur krafist aðalstefnda um laun og orlof fyrir mánuðina maí, júní, júlí og ágúst 1988 að frádregnum þeim launum, sem hann vann sér inn á sýsluskrifstofunni á Patreksfirði í júlí og ágúst sama ár. Aðalstefnandi hefur haldið því fram, að laun sín hafi hækkað um 8,75% 5. maí 1988. Þetta er eigi sannað, og verður við það miðað, að laun hans hefðu haldist óbreytt, 150.000 kr. á mán., til 1. sept. 1988. Það er óumdeilt, að aðalstefnandi sagði starfi sínu lausu frá og með 1. september 1988. Enn fremur er það óumdeilt, að aðalstefnandi tók orlof sitt frá mánudeginum 6. júní til sunnudagsins 3. júlí, samtals 28 almanaksdaga. Miða verður við það, að aðalstefnandi hafi hætt störfum hjá aðalstefnda 12. júlí, vegna þess að honum var gert ókleift að sinna starfi sínu.

Samkvæmt framangreindum niðurstöðum ber aðalstefnda að greiða aðalstefnanda eftirtaldar fjárhæðir:

Laun fyrir maimánuð 1988	kr. 150.000
Drv. af þeirri fjárhæð frá 1/6-31/8 1988	— 19.200
Laun fyrir júnímánuð 1988	— 150.000
Drv. af þeirri fjárhæð frá 1/7-31/8 1988	— 13.650
Laun fyrir júlímánuð 1988	— 150.000
Drv. af þeirri fjárhæð frá 1/8-31/8 1988	— 7.050
Laun fyrir ágústmánuð 1988	— 150.000
Orlof: 10,17% af 600.000 kr., laun fyrir maí, júní, júlí og ágúst að frádregnum 138.082 kr., orlof í 28 almanaksdaga og 91.989 kr. laun á sýsluskrifstofunni í júlí og ágúst	— 37.622
Ógreidd laun frá apríl 1988, sbr. dómskjöl nr. 52, 53 og 54	— 12.835
Drv. af þeirri fjárhæð frá 1/5-31/8 1988	— 2.118
Samtals:	kr. 692.475

Til frádráttar koma eftirtaldar fjárhæðir:

Ofgreidd laun í mars 1988	kr. 32.165
Drv. af þeirri fjárhæð frá 1/4-31/8 1988	— 6.529
Farmgjöld, sbr. dómskjal nr. 30	— 25.265
Drv. af þeirri fjárhæð frá 1/12 1987 til 31/8 1988	— 9.298
Farmgjöld, sbr. dómskjal nr. 39	— 124
Drv. af þeirri fjárhæð frá 1/2-31/8 1988	— 35

Farmgjöld, sbr. dómskjal nr. 46	—	487
Drv. af þeirri fjárhæð frá 1/3-31/8 1988	—	117
Laun 12/8 1988, dómskjal nr. 63	—	30.943
Drv. af þeirri fjárhæð frá 12/8-31/8 1988	—	921
Laun 1/9 1988, dómskjal nr. 63	—	61.046

Samtals kr. 166.930

Mismunur er kr. 525.545

Gagnstefndi skal vera sýkn af kröfum gagnstefnanda að öðru leyti en því, að honum ber að greiða farmgjöld ásamt vöxtum af þeim og þessar fjárhæðir teknar inn í uppgjörið hér að framan, en samkvæmt þessu uppgjöri, sem er niðurstaða málsins, ber aðalstefnda, Svalbarða h/f, að greiða aðalstefnanda, Símoni Fr. Símonarsyni, 525.545 kr. með 42% ársv. af 500.427 kr. frá 1/9 1988 til 1/10 1988, 26,8% ársv. af sömu fjárhæð frá þ. d. til 1/11 1988, 20,3% ársv. af sömu fjárhæð frá þ. d. til 1/12 1988, en síðan með vöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá þ. d. til greiðsludags. Dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mán. fresti, í fyrsta sinn 1/6 1989. Aðalstefndi greiði aðalstefnanda 150.000 kr. í málskostnað, hér með talinn söluskattur.

Dóm þennan kvað upp Guðmundur Björnsson sýslufulltrúi.

D ó m s o r ð:

Aðalstefndi, Svalbarði h/f, greiði aðalstefnanda, Símoni Fr. Símonarsyni, 525.545 kr. með 42% ársv. af 500.427 kr. frá 1/9 1988 til 1/10 1988, 26,8% ársv. af sömu fjárhæð frá þ. d. til 1/11 1988, 20,3% ársv. af sömu fjárhæð frá þ. d. til 1/12 1988, en síðan með vöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá þ. d. til greiðsludags.

Aðalstefndi greiði aðalstefnanda 150.000 kr. í málskostnað, hér með talinn söluskattur, og beri málskostnaðarfjárhæðin drv. frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Dómur þessi er aðfararhæfur að liðnum 15 dögum frá lögbirtingu hans.